

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 139/1992.

Böðvar Bjarnason

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Bjarna Böðvarssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Námssamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. sama mánaðar. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.378.900 krónur með einföldum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum frá slysdegi 9. október 1986 til 14. apríl 1987 og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 20. desember 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni 692.281 krónu, sem greidd var inn á kröfuna úr þrotabúi Raftækjaverksmiðjunnar hf. 30. júní 1992. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Bú Raftækjaverksmiðjunnar hf. í Hafnarfirði (RAFHA hf.) var tekið til gjaldþrotaskipta 31. janúar 1991. Skiptum lauk 7. desember 1992, og greiddust 26,639 hundraðshlutar upp í almennar kröfur. Hinn 30. júní 1992 fékk áfrýjandi úthlutað 692.281 krónu úr þrotabúinu, og tók hann við fjárhæðinni sem fullnaðargreiðslu af hendi þess. Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að fallið væri frá kröfum á hendur þrotabúi RAFHA hf.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur fram, að áfrýjandi hafði verið á fjögurra ára námssamningi í húsasmíði hjá stefnda, föður sínum, þegar hann varð fyrir slysi því, sem mál þetta fjallar um. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður námssamningur aðila, sem staðfestur var af Iðnfræðsluráði 2. júní 1982. Samkvæmt honum

hófst námstíminn 1. janúar 1982, og skyldi honum ljúka í desember 1985. Áfrýjandi var að vinna við innréttingar á verslunarhúsnæði fyrir RAFHA hf., þegar slysið varð 9. október 1986. Stefndi bar fyrir lögreglu þann dag, að hann hefði lánað smíði til verksins, þar á meðal áfrýjanda, sem væri nemi í húasmíði og ætti að ganga undir sveinspróf eftir vikutíma. Fyrir dómi sagði áfrýjandi, að hann hefði verið búinn með námssamninginn, þegar þetta gerðist, en ekki að fullu lokið iðnskóla. Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. reglugerðar nr. 558/1981 um iðnfræðslu skal meistari snúa sér til formanns viðkomandi prófnefndar með beiðni um, að nemi fái að ganga undir sveinspróf, þegar hann hefur lokið iðnnámi. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar getur Iðnfræðsluráð heimilað nemanum að þreyta sveinspróf, ef tveir mánuðir eða skemmri tími eru eftir af námstíma samkvæmt námssamningi, enda hafi hann þá lokið burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla. Eins og að framan greinir, rann námssamningur aðila út um áramót 1985/1986. Engin gögn liggja fyrir um það, að samningurinn hafi verið framlengdur eða Iðnfræðsluráð þurft að heimila próftöku. Samkvæmt framansögðu þykir ekki unnt að miða við, að stefndi hafi borið ábyrgð gagnvart áfrýjanda eins og meistari gerir gagnvart nema sínum.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, vann áfrýjandi ásamt þremur öðrum starfsmönnum stefnda við breytingar á húsnæði RAFHA hf. Við verkið unnu einnig starfsmenn RAFHA hf. Í ljós er leitt, að félagið leitaði til stefnda um vinnu þessa, en engin gögn liggja fyrir um það, á hvern veg samdist milli þeirra. Fallist er á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vélsöginni og að áfrýjandi eigi sjálfur nokkra sök á, hvernig fór. Þá verður einnig að telja ósannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi haft starfsskipunarvald og verkstjórn með höndum við þá vinnu, sem fram fór í húsnæði RAFHA hf. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bjarni Böðvarsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Böðvars Bjarnasonar.

Áfrýjandi greiði stefnda 180.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i **Hjartar Torfasonar**

Stefndi er húsasmíðameistari og rak byggingarfyrirtæki í Hafnarfirði, þegar atvik máls þessa gerðust. Var áfrýjandi einn fjögurra starfsmanna, sem hann sendi til vinnu fyrir Rafha hf. í atvinnuhúsnæði félagsins. Áttu þeir að ljúka við innréttingu og breytingu á húsnæðinu ásamt nokkrum starfsmönnum félagsins sjálfs, sem komnir voru áleiðis með þetta verkefni. Áfrýjandi var ekki fullnuma í trésmíðaiðn, en hinir starfsmennirnir frá stefnda voru iðnlærðir. Enginn verkstjóri frá Rafha hf. var yfir verkinu, heldur heyrði það beint undir framkvæmdastjóra félagsins. Stefndi vann ekki að því sjálfur, en kom á staðinn öðru hverju þær fjórar vikur, sem áfrýjandi starfaði þar. Verk starfsmanna stefnda voru unnin í tímavinnu, og tók hann greiðslu fyrir þau frá Rafha hf. samkvæmt töxtum fyrir útselda vinnu. Var þar innifalin greiðsla fyrir launatengdan kostnað vegna starfsmannanna, þar á meðal iðgjöld slysa-trygginga, auk þóknunar til stefnda og þeirra launa, sem hann greiddi starfsmönnum. Ekki er fram komið, að hann hafi lagt tæki til verksins.

Um tilhögun og skiptingu verka á vinnustað er fáu til að dreifa, en starfsmenn virðast hafa ráðið þessu sín í milli að verulegu leyti, án þess að einn hefði yfir öðrum að segja. Eins og málið liggur fyrir, verður staða áfrýjanda við verkið ekki metin eftir því, að hann hafi verið í námi hjá stefnda. Eigi að síður mátti hann gera ráð fyrir að geta leitað til stefnda um tilsögn og aðbúnað við verkið, enda leit hann á stefnda sem yfirmann sinn. Jafnframt verður að ætla, að hann hafi mátt vænta stuðnings frá hinum iðnlærðu starfsmönnum stefnda, sem með honum voru. Gagnvart Rafha hf. var stefndi verk-taki eða vinnusali, sem lagði mannafla til smíðavinnu gegn gjaldi. Um annað inntak samnings þeirra er allt óljóst, og hvorki stefndi né framkvæmdastjóri félagsins komu fyrir dóm í málinu. Stefndi heldur því fram, að hann hafi afsalað sér allri verkstjórn og boðvaldi gagnvart starfsmönnum sínum og öðrum afskiptum af verkinu. Af hálfu

Þrotabús félagsins er hins vegar staðhæft, að starfsmenn þess eða fyrirsvarsmenn hafi ekki haft skipunarvald yfir starfsmönnum stefnda, og hafi þeir verið háðir leiðbeiningum og eftirliti hans sjálfs. Eins og sönnunargögnum er varið, hefur stefndi ekki hnekkst þessu. Verður við það að miða, að hann hafi átt þess kost að líta eftir starfsmönnum sínum og segja þeim til eftir þörfum og gert það að einhverju marki. Jafnframt hafi honum verið eða mátt vera kunnugt, hvernig aðstöðu við verkið og tækjakosti var háttað. Þegar litið er til alls þessa, verður að álykta, að stefndi hafi ekki verið undanþeginn ábyrgð á því, að áfrýjandi tókst á hendur vinnu við vanbúna og slitna vélsög frá Rafha hf. Til þess vanbúnaðar verður það rakið, að áfrýjandi slasaðist við tækið, og á stefndi að bera ábyrgð gagnvart honum á afleiðingum slyssins að óskiptu með félaginu. Telja verður þó, að ógætni áfrýjanda hafi átt nokkurn þátt í slysinu, og eigi hann sjálfur að bera tjón sitt af því að 1/4 hluta.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða mín, að stefnda beri að bæta áfrýjanda 3/4 hluta af tjóni hans vegna slyssins að frádregnu því, sem hann hefur fengið greitt úr Þrotabúi Rafha hf., ásamt bótum til hans úr lögmælttri og samningsbundinni slysátryggingu á vegum stefnda. Þá greiði stefndi honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þann veg, að sýkna eigi stefnda, eru ekki efni til að gera málinu frekari skil.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. september 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. september sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 4. október 1990.

Stefnandi er Böðvar Bjarnason, kt. 301065-5239, Háaleitisbraut 46, Reykjavík, en stefndu eru Þrotabú Raftækjaverksmiðju Hafnarfjarðar hf. (RAFHA hf.), kt.530269-1089, Lækjargötu 22, Hafnarfirði, og Bjarni Böðvarsson húsasmíðameistari, kt. 131134-3399, Hamrabakka 19, Seyðisfirði.

Vátryggingafélagi Íslands, Ármúla 3, Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæslu í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 3.378.900 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefnda, Þrotabú RAFHA hf., krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi, Bjarni, krefst þess, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hans hendi [...].

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar neinar kröfur, og ekki gerir hann kröfur í málinu.

Sáttatilaunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Hinn 9. október 1986 um kl. 17.00 var stefnandi að vinna í húsnæði RAFHA hf. að Lækjargötu 22, Hafnarfirði. Var hann ásamt öðrum að vinna við að breyta hluta húsnæðisins í verslunarhúsnæði. Stefnandi var þá nemi á 4. ári í húsnæði hjá föður sínum, stefnda Bjarna. Stefnandi notaði við vinnu sína vélsög, sem var í eigu RAFHA hf. Vélsög þessi var „heimasmíðuð“ og án öryggisbúnaðar. Stefnandi varð fyrir slysi, er hann var að vinna við sögina. Enginn sjónarvottur var að slysinu.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er nánari tildrögum svo lýst: „Fyrirtækið RAFHA hf. vann að innréttingabreytingum. Byggingarverktaki, Bjarni Böðvarsson, til heimilis að Hamarsbraut 3, Hafnarfirði, lánaði þrjá menn til verksins. Einn þeirra, Böðvar, var að vinna í hjólsög, sem er „heimasmíðuð“, bæði blaðhlífa- og kleyfislaus, og er eign RAFHA hf., við að saga niður í fleyga. Til þess notaði hann sérstakan máta, sem hann renndi fram og aftur, landmegin við sagarblaðið. Mátinn er um 18 cm breiður og um 25 cm langur. Úr langhlið mátons er búið að saga fleygmyndað stykki eða gróp, sem markar stærð og gerð þeirra fleyga, sem búa á til. Í þetta gróp er svo fleygaefninu stungið og rennt gegnum sögina. Oftast er um fjöldaframleiðslu að ræða, og var svo hér í þessu tilviki.

Að sögn slasaða hafi hann verið búinn að saga fleyginn og verið að draga mátann til baka, þegar sagarblaðið greip í mátann. „Þetta gerðist eldsnöggt, mér brá, og ég missti jafnvægið og rak höndina í blaðið. Neðan í mátanum er far, sem sýnir, að hann hefur „skrallað“ ofan á blaðinu. Til að blaðið geti náð í mátann á þeim stað, sem farið byrjar, hefur það annaðhvort gerst, að fleygurinn hefur verið í grópinu, þegar mátinn var dreginn til baka, eða mátinn snúist að blaðinu.

Enginn kleyfir var á söginni, og tel ég, að hann hefði komið í veg fyrir þetta slys, hvort sem fleygurinn hefði verið í grópinu, þegar mátinn var dreginn til baka, eða mátinn snúist án fleygsins.

Undirritaður mældi hæð blaðsins upp úr borði 2,5 cm, sem ég tel eðlilegt miðað við efnisþykktina, sem var 2,3 cm. Blaðið var upphaflega með 24 ákveiktum karbíttönnum, en níu þeirra voru horfnar eða brotnar að hluta.“

Lögregla var einnig til kvödd og stefnanda komið undir læknishendur. Í

læknisvottorði Rögnvalds Þorleifssonar, dags. 27. mars 1988, segir m. a. um afleiðingar slyssins og batahorfur stefnanda:

„P. 9. 10. 1986 slasaðist Böðvar Bjarnason með þeim hætti, að hann rak fingur hæ. handar í vélsög og sagaðist við það rúmlega helmingur framan af fjærkjúku þumalsins og mjúkvefir tættust verulega lófa megin á baugfingri og einnig langatöng, og lítills háttar sáráverkar komu í góminn á baugfingri. Húð var saumuð yfir stúfinn á þumalfingri. Þá var gert að sáráverkunum á vísifingri. Þar voru beygisinar heilar, en önnur tilfinningataugin hafði höggvist sundur á tveimur stöðum, og var ekki reynt að gera við hana. Á löngutöng höfðu sínar höggvist í sundur, og var gert að þeim. Þar hafði einnig önnur tilfinningataugin höggvist í sundur á tveimur stöðum a. m. k. og var af þeim sökum ónýt. Þessir áverkar á taugarnar voru á miðkjúku hvors fingurs. Húðsár á baugfingri var saumað.“

— — —

II.

Aðilar deila um, hjá hvorum stefnandi hafi unnið, er slysið varð, stefnda, RAFHA hf., eða föður sínum, stefnda Bjarna.

Komið hefur fram við skýrslutöku fyrir dómi, að RAFHA hf. var að breyta hluta húsnæðis síns í verslunarpláss. Stóðu framkvæmdir í nokkra mánuði, og voru aðeins starfsmenn RAFHA hf. að störfum fyrst í stað. Þurfti að rífa niður loft, klæða loft og vegg, smíða innréttingar o. fl. Framkvæmdastjóri RAFHA hf. hafði yfirumsjón með þessum breytingum, og hafði verið ákveðið að opna verslunina á tilteknum degi, er félagið átti afmæli. Þegar sýnt þótti, að ekki tækist að ljúka verkinu fyrir þann dag með óbreyttum fjölda starfsmanna, var ákveðið að leita til stefnda, Bjarna, sem er húsasmíðameistari. Sendi hann stefnanda til RAFHA hf. og síðan þrjá menn til viðbótar.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi, Bjarni, greiddi sínum mönnum laun áfram, meðan þeir voru tímabundið hjá RAFHA hf., en RAFHA hf. greiddi síðan Bjarna í formi útseldrar vinnu.

Stefndi, Bjarni, kom ekki fyrir dóm, en í aðilaskýrslu hans segir, að hann hafi „lánað“ stefnanda stefnda, RAFHA hf., u. þ. b. fjórum vikum áður en slysið varð. Hann hafi sjálfur ekkert komið að verkinu og mennirnir allir unnið undir stjórn RAFHA hf.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að enginn verkstjóri hefði verið á staðnum. Hann hefði þó litið svo á, að stefndi, Bjarni, væri verkstjóri, og hefði hann komið nokkrum sinnum á staðinn. Dagleg verkstjórn hefði ekki verið, heldur hefði hann og samstarfsmenn hans frá RAFHA hf. komið sér saman um, hvernig best væri að standa að verki.

Smíðirnir Bóas Jónsson og Finnur Óskarsson, báðir starfsmenn RAFHA hf., komu fyrir dóm. Þeir unnu í álgluggadeild RAFHA hf., en voru settir í þetta verk og unnu með stefnanda. Þeir skýra svo frá, að engin dagleg verkstjórn hafi verið, og hafi það verið óþarft, þar sem um tiltölulega einföld störf var að ræða. Ef einhver hafi haft verkstjórn á hendi, hafi það helst verið framkvæmdastjóri félagsins, en hann kom oftast í lok vinnudags til að fylgjast með verkinu. Hann hafi skipulagt verkið, tekið ákvarðanir um, hvaða veggi skyldi brjóta niður, ráðið pípulagningamenn og tekið ákvörðun um að fá fleiri smíði til verksins, svo að það gengi hraðar.

Finnur kvað stefnda, Bjarna, hafa komið nokkrum sinnum á vinnustaðinn og stundum fundið að vinnubrögðum þeirra. Bóas varð hins vegar aldrei var við, að stefndi Bjarni skipti sér af verkinu.

— — —

Stefnandi telur sannað í máli þessu, að öryggisbúnaður á vélsöginni hafi enginn verið og ekkert hafi komið fram í málinu um, að slíkur búnaður hafi verið til á slysstað. Komið hafi fram, að hefðu öryggishlífar verið á vélsöginni, hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Þá hafi komið fram í málinu, að sagarblað var gallað, er stefnanda var fengið það til þess að vinna með. Útbúnaði vélsagarinnar hafi að öðru leyti verið ábótavant, þegar litið sé til þess verks, sem verið var að vinna. Enn sé þess að geta, að leiðbeiningum og verkstjórn af hálfu stefnda, RAFHA hf., og/eða stefnda, Bjarna, hafi verið mjög ábótavant, enda ekki upplýst í málinu, hver hafði verkstjórn á slysstað. Umrætt slys verði einungis rakið til vanbúnaðar vélsagarinnar og skorts á leiðbeiningum og verkstjórn, sem stefndu, RAFHA hf., og/eða Bjarni, beri fébótaábyrgð á samkvæmt reglum íslensks réttar um skaðabótaábyrgð utan samninga, auk þess sem stefndu hafi ekki gætt ákvæða 46. gr., 1. mgr., laga nr. 46/1980 né ákvæða 13. gr. b reglna nr. 77/1982, og beri þeir því óskipt fulla fébótaábyrgð á slysi þessu.

Stefnda, þrotabú RAFHA hf., styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi verið starfsmaður meðstefnda, Bjarna Böðvarssonar. Hann hafi greitt stefnanda laun og stefnandi verið algerlega háður leiðbeiningum hans og verkstjórn. Stefnda, þrotabú RAFHA hf., hafi því ekki borið að hafa verkstjórn með höndum, enda hafi stefnda ekki haft þá stöðu gagnvart stefnanda að geta stjórnað vinnu hans. Verði hins vegar talið, að stefnda hafi borið að hafa verkstjórn í starfi stefnda, heldur stefnda því fram, að ósannað sé af hálfu stefnda, að sú verkstjórn hafi leitt til þess slyss og tjóns, er stefnandi varð fyrir.

Kröfu um sýknu styður stefnda í fyrsta lagi þeim rökum, að því verði ekki gefið að sök, að stefnandi varð fyrir fyrrgreindu slysi. Það hafi ekki

verið stefnda, sem fól stefnanda að vinna við fyrrgreinda vélsög, heldur vinnuveitandi stefnanda, þ. e. Bjarni Böðvarsson.

Kröfu um sýknu reisir stefnda jafnframt á reglum skaðabótaréttar um áhættutöku. Á þeim tíma, er slysið varð, hafi stefnandi verið að ljúka sveinsprófi í húsasmíði og því alvanur vinnu við vélsagir. Þegar stefnanda var falið að vinna við þá vélsög, er hann slasaðist við, hafi honum verið kunnugt um, að vélin hafði ekki þær öryggishlífar, sem krafist er. Þrátt fyrir þessa vitneskju stefnanda hafi hann tekið þá áhættu að vinna við vélina, og því beri að alsýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Þá styður stefnda sýknukröfu sína því, að slysið hafi algerlega og einöngungu verið sök stefnanda sjálfs, og verði stefnandi að bera tjón sitt sjálfur. Vegna menntunar og reynslu stefnanda við smíðar hafi honum verið kunnugt um, að vél sú, sem hann fór að vinna við, hafði ekki þær öryggishlífar, sem krafist er. Stefndandi hafi engar athugasemdir gert við að vinna við þá vél þrátt fyrir augljósa vöntun á öryggisbúnaði. Jafnframt sé í ljós leitt, að gáleysi stefnanda sjálfs við vélsögina hafi valdið slysi stefnanda.

Fram kom í umsögn Vinnueftirlits ríkisins, að líkleg ástæða slyssins væri, að fleygur hefði enn verið í grópinu, er stefnandi dró mátann til baka, eða að stefnandi hefði ekki haldið mátanum frá sagarblaðinu.

Varakröfu um verulega lækkun stefnukrafna reisir stefnda á því, að stefnandi eigi sjálfur meginsök á slysinu með gáleysi sínu.

Stefnda mótmælir fjárkröfum stefnanda sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju.

Stefnda telur varanlega örorku stefnanda ekki vera í þeim mæli og með þeim hætti, að líklegt sé, að stefnandi verði fyrir vinnutekjutapi til frambúðar, er líkindareikningur Jóns E. Þorlákssonar gerir ráð fyrir.

Stefnda telur, að vegna skattfrelsis bótanna beri við ákvörðun þeirra að draga frá þann hluta bótanna, er ella hefði gengið til opinberra gjalda. Jafnframt beri að virða til lækkunar bóta hagræði stefnanda af eingreiðslu þeirra.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem of hárrí og í ósamræmi við dómvenju.

Vaxtakröfum stefnanda er mótmælt sem of háum. Með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 er því sérstaklega mótmælt, að krafa stefnanda beri dráttarvexti frá 14. apríl 1987. Jafnframt er mótmælt kröfum stefnanda um, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 9. október 1987, en til vara 10. ágúst 1989.

Stefndi, Bjarni, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi ekki verið húsbóndi stefnanda í skilningi bótaréttar. Verk það, sem stefnandi vann við,

hafi verið unnið í þágu RAFHA hf., en ekki stefnda. Það hafi verið í húsa-
kynnum RAFHA hf., með vélum þess og undir verkstjórn, starfsskipunar-
valdi og starfseftirliti RAFHA hf. Stefndi Bjarni hafi þar hvergi nærri komið.

Stefnda, RAFHA hf., teljist því húsbóndi stefnanda að bótarétti, er slysið varð, en ekki stefndi, Bjarni. Þá verði slysið ekki heldur rakið til sakar starfsmanna stefnda, Bjarna, en ljóst sé einnig, að stefndi hafði ekki húsbóndavald yfir starfsmönnum sínum, eftir að þeir fóru yfir til RAFHA hf. Þá sé einnig ljóst, að stefndi hafði ekki starfsskipunarvald yfir þeim starfsmönnum RAFHA hf., sem unnu við breytingar á húsnæðinu.

Af skýrslu vinnueftirlits sé ljóst, að slysið megi rekja til vanbúnaðar vélsagarinnar svo og ógætni stefnanda sjálfs. Hann hafi ekki gætt þess að halda mátanum frá sagarblaðinu eða að fleygur væri ekki í grópinu, þegar hann dró mátann til baka. Þá hafi stefnandi ekki kvartað um hlífjarleysi vélarinnar, en miðað við námsaldur hafi honum átt að vera ljós hættan af hlífjarleysi vélarinnar og nauðsyn á ýtrustu aðgæslu við verkið. Hann eigi því sjálfur verulega sök á slysinu.

Jafnvel þótt talið verði, að stefndi, Bjarni, hafi verið húsbóndi stefnanda í skilningi skaðabótaréttar umrætt sinn, skorti eftir sem áður þau grundvallarskilyrði að sanna sök hans eða starfsmanna hans annars vegar eða sýna fram á galla eða bilun í tækjum stefnda hins vegar. Á öðrum grundvelli verði ábyrgð ekki á hann lögð.

Þá bendir stefndi einnig á, að vinnuveitandi geti aldrei borið ábyrgð á öðrum vinnustað en sínum eigin.

Stefndi mótmælir stefnukröfum sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju. Kröfur stefnanda um bætur fyrir vinnutekjutap vegna örorku af völdum slyssins reisi stefnandi á líkindareikningi tryggingastærðfræðings. Beri við bótaákvörðun að virða til lækkunar, að starfstekjur stefnanda hafi ekki skerst til frambúðar, svo að séð verði.

— — —

IV.

Óumdeilt er í málinu, að stefndi, Bjarni, greiddi stefnanda laun í þann tíma, er stefnandi vann við breytingar á verslunarhúsnæði RAFHA hf. Stefndi, Bjarni, fékk hins vegar greitt frá RAFHA hf. í formi útseldrar vinnu.

Hins vegar þykir ósannað gegn mótmælum stefnda, Bjarna, að hann hafi haft starfsskipunarvald og verkstjórn undir höndum við þá vinnu, sem fram fór í húsnæði RAFHA hf. Vélsögin var í eigu RAFHA hf. og í húsnæði

þess. Verður því að telja, að stefnandi hafi unnið í þágu RAFHA hf., en ekki stefnda, Bjarna, og verður hann sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Fram hefur komið, að öryggishlíf var ekki á vélsöginni, er slysið varð. Það er álit dómsins, að umrætt slys verði eingöngu rakið til vanbúnaðar vél-sagarinnar, sem stefnda, RAFHA hf., beri fébótaábyrgð á.

Hins vegar þykir verða að líta til þess, að stefnandi var nemi á fjórða og síðasta ári í húsasmíði, er slysið varð. Hafði hann því nokkra reynslu, en hreyfði ekki athugasemdum vegna vanbúnaðar vélarinnar. Þykir hann því eiga nokkra sök á því, hvernig fór. Rétt þykir því að skipta sök á slysi þessu og telja stefnanda eiga sjálfan fimm tung sakar. Verður stefnda, þrotabú RAFHA hf., því dæmt til að bæta stefnanda tjón hans að 4/5 hlutum.

— — —

Samkvæmt ofanrituðu telst óbætt tjón stefnanda hæfilega ákveðið 1.750.000 kr. Ber að dæma stefnda, þrotabú RAFHA hf., til að greiða stefnanda 4/5 hluta þess, 1.400.000 krónur.

Aðilar deila um vexti. Í samræmi við dómvenju verða dæmdir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi skv. 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, til dagsins í dag. Dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga verða fyrst dæmdir frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda þrotabú RAFHA hf., dæmt til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 230.000 kr. með virðisaukaskatti, og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnanda vegna máls þessa.

Eins og að framan er rakið, verður stefndi, Bjarni, sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og verður stefnandi dæmdur til að greiða honum 120.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Bergmundi E. Sigurðssyni húsasmíðameistara og Kristni Þ. Sigurðssyni húsasmíð.

D ó m s o r ð:

Stefnda, þrotabú Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði hf., greiði stefnanda, Böðvari Bjarnasyni, 1.400.000 kr. með 9% ársvöxtum frá 9. október 1986 til 20. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% frá þeim degi til 14. apríl 1987, með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi til 30. september 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla

vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 230.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Stefndi, Bjarni Böðvarsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og greiði stefnandi honum 120.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
